

ÆSKULÝÐSSKÝRSLA SPRETTIS 2024

#UNGIRSPRETTARAR



ÆSKULÝÐSSKÝRSLA

SPRETTIS

2024

🌟 **HÁPUNKTAR** 🌟
#UNGIRSPRETTARAR



★ **68% AUKNING Í ÞÁTTTÖKU UNGRA SPRETTARA Í NÁMSKEIÐAHALDI FÉLAGSINS**

★ **42 SPRETTARAR FERÐUÐUST ERLendis Á HESTASÝNINGU**

★ **TÆPLEGA 50 UNGIR POLLAR SÓTTU NÁMSKEIÐ**

★ **SJÖ UNGIR SPRETTARAR VALDIR Í U-ZIÁRS LANDSLIÐ ÍSLANDS**

★ **TUGI VIÐBURÐA Á VEGUM ÆSKULÝÐSNENDAR FYRIR UNGA SPRETTARA**

★ **FJÁRÖFLUN UNGRA SPRETTARA SÖFNUÐU MILLJÓNUM**

★ **SÓTT UM STYRKI FYRIR HUGMYNDinni “LANDSPING YNGRI FLOKKA”**



Inngangur

Starf yngri flokka hestamannfélagsins Spretts hefur tekið miklum breytingum undanfarin ár. Eftir að félagið tók þá stefnu að leggja enn meiri áherslu á starf yngri flokka og ráða til starfa yfirþjálfara yngri flokka hafa þó nokkrar breytingar átt sér stað. Þessar breytingar hafa skipt sköpum fyrir yngri flokka starf félagsins til hins betra.

Þórdís Anna Gylfadóttir, var ráðinn til starfa haustið 2021 á tímabundin tilraunasamning sen nú hefur stjórn Spretts gert við hana langtímasamning.

Það er dýrmætt að sjá traust, virðingu, gleði og samheldni sem ríkir á milli yfirþjálfara, foreldra og ungra Spretta en það er afrakstur mikillar vinnu undanfarin ár. Þessi gildi eru einmitt grundvallaratriði í starfi æskulýðsnefndar Spretts: traust, virðing, gleði og samheldni.

Á síðastliðnu tímabili hefur Æskulýðsnefnd Spretts í samstarfi við stjórn félagsins og yfirþjálfara boðið upp á:


U fjölbreytt úrval námskeiða þar sem hugað er að mismunandi áhugasviðum og getustigum ungra Spretta

U aldrei hefur verið boðið upp á fleiri félagslega hittinga en nú

U þátttaka á námskeiðum hefur aukist gífurlega

U samheldni og félagsandi ungra Spretta hefur eflst til muna

Metþátttaka hjá ungum Spreturum hefur verið á námskeiðum á þessu starfsári og þá ber helst að nefna metfjölda polla, tæplega 50 talsins, sem hafa tekið þátt í skipulögðu starfi félagsins. Yfirþjálfari í samráði við stjórn félagsins hefur lagt áherslu á að halda kostnaði vegna námskeiðahalds í lágmarki. Í því sambandi má nefna að ekki er rukkað fyrir reiðhallargjald á þeim námskeiðum sem ætluð eru ungum Spreturum. Æskulýðsnefnd er einnig afar dugleg að standa fyrir ýmis konar fjáröflunum og nýta peningana í starfið en m.a. var boðið upp á ókeypis pollanámskeið í allan vetur, frá janúar til maí, fyrir yngstu Sprettarana. Það hefur margborgað sig, því áætla má að með hverjum polla fylgi 1-2 fullorðnir og mögulega fleiri systkini - eða rúmlega 100 til 150 manns sem komu inn í starfið í gegnum pollanámskeið vetrarins. Gaman er að segja frá því að fyrirhugað er að stofna foreldraráð fyrir yngstu knapa, “pollaráð Spretts”.



Mikil aukning hefur verið í fjölda iðkenda í skipulagði starfi félagsins. Á milli áranna 2023 til 2024 hefur iðkendum fjölgað um 68%. Við erum afar ánægð með þessa þróun og finnum fyrir áhuga og ásókn hestamanna úr öðrum félögum í námskeiðahald félagsins. Við höfum tekið vel í allar slíkar beiðnir og höfum einnig iðulega stungið upp á sameiginlegum viðburðum. Sem dæmi um slíkt stóðu Sprettur og Fákur fyrir sameiginlegri fyrirlestraröð fyrir unga knapa í vetur. Fyrirlestrararnir voru 4 samtals og voru ókeypis fyrir knapa í yngri flokkum.

Bæði yngri flokka ráð félagsins, Barna- & unglingaráð ásamt Ungmennaráði, hafa óskað eftir fleiri félagslegum hittingum til að efla tengslin sín á milli. Æskulýðsnefnd og yfirþjálfari hafa stutt þessa ósk þeirra eftir bestu getu og á síðastliðnu tímabili var fjöldi félagslegra hittinga talinn í tugum (meðtaldir fjáröflunarviðburðir). Bæði yngri flokka ráðin voru afar dugleg á síðastliðnu starfsári að safna peningum í sameiginlegan söfnunarsjóð. Það sem hefur komið í ljós er að fjáröflunarviðburðirnir voru frábært hópefli og hafa lagt góðan grunn að sterkum tengslum á milli krakkanna. Yngri flokka ráðin söfnuðu nokkrum milljónum í sjóð, sem m.a. var nýttur til utanlandsferðar, tækjakaupa, í viðburða- og skemmtanahald og niðurgreiðslu á námskeiðum.



Yngri flokka ráð Sprettis

Komin eru tvö ár síðan stofnuð voru yngri flokka ráð innan Sprettis. Stofnað var annarsvegar barna- og unglingaráð og hinsvegar ungmennaráð en um helmingur félagsmanna í hestamannafélaginu Spretti tilheyra yngri flokkum félagsins. Það hefur verið mikið gæfuspor fyrir félagið að stofna þessi ráð og er það von okkar að slík yngri flokka ráð verði stofnuð í öllum hestamannafélögum landsins.

Barna- og unglingaráð Sprettis

Í Barna- og unglingaráði sitja; Elva Rún Jónsdóttir formaður, Hulda Ingadóttir, Óliver Gísli Þorrason, Jóhanna Sigurllja Sigurðardóttir, Kristín Elka Svansdóttir og Kári Sveinbjörnsson. Fundir eru haldnir reglulega, ca. 1x í mánuði, auk þess sem samfélagsmiðlar eru vel nýttir þess á milli.

Instagram reikningur þeirra er vel nýttur og hefur sannað sig sem góð boðleið á meðal eldri barna, unglinga og ungmenna. Þau sjá alfarið um reikninginn sjálf, #ungirsprettarar, og setja þar inn auglýsingar og upplýsingar um námskeið og viðburði auk þess að deila ýmiskonar skemmtilegu.

Þau hafa verið dugleg að kasta út spurningum til ungra félagsmanna og viðbrögðin hafa ekki látið á sér standa, sem gerir starfið svo öflugt og virkt. Við teljum líka að þegar ungir félagsmenn finna að á þeirra hugmyndir sé hlustað að þá verði þau enn virkari í leik og starfi. Umræðu um fleiri félagslega hittingsa til tengslamyndunnar var tekið alvarlega af yfirþjálfara og æskulýðsnefnd og voru slíkir viðburðir margfaldaðir. Sem dæmi má nefna að haldin hafa verið bíókvöld, bingókvöld, leikja og spilakvöld, farið í lazertag, sameiginlega reiðtúra og leiki í reiðhöllinni.

Þetta þarf því alls ekki að vera flókið né dýrt til að upplifa þessa þörf fyrir að hittast og mynda félagsleg tengsl við jafnaldra sína með sama áhugamál.



Megin umræða innan barna- og unglingaráðs á þarsíðasta starfstímabili var einlæg ósk þeirra að fara saman á hestasýningu erlendis. Þetta starfsár einkenndist því að miklu leyti af fjáröflunum og skipulagningu fyrir utanlandsferðina sem farið var í desember 2023. Meira um ferðina í sér kafla.

Frá formanni Barna- og unglingaráðs, Elva Rún Jónsdóttir:

Elva heiti ég og er ég formaður Barna- & unglingaráðs Spretts. Samtals sitjum við 5 í nefndinni og það hefur verið mjög gaman hjá okkur. Við hittumst reglulega og skipuleggjum næstu dagskráliði sem við viljum halda og á síðasta ári var m.a. annars farið til Svíþjóðar á hestasýningu, farið í hestaferð í Flagbjarnarholti, farið í heimsókn til Jóhönnu Margrétar og margt margt fleira. Einnig voru mörg hópefli sem áttu sér stað, með og án hesta. Þar má nefna bíókvöld, leikjadag og opna tíma fyrir yngri flokka í reiðhöllunum.

Skemmtilegasta ferðin að mínu mati var Svíþjóðarferðin. Það var mjög gaman að horfa á allskonar keppnir allt frá “Grand Prix dressage” til sýninga í “hobby-horsing”. Einnig var gaman að sjá hvað hópurinn náði vel saman þrátt fyrir breitt aldursbil. En þessi ferð hefði ekki átt sér stað án fjáraflanna. Það voru teknar margar sjoppuvaktir, selt húfur, safnað dósum og flöskum, selt happdrættismiða og fleira. En það gerði ferðina bara enn skemmtilegri eftir alla vinnuna sem við vorum búin að leggja á okkur. Við erum nú að vinna í því að halda fleiri skemmtilega viðburði og hópefli og getum ekki beðið eftir því að segja ykkur frá þeim þegar að nær dregur. En það verður eitthvað fyrir alla.

Við í nefndinni höfum mikið rætt um að halda landsþing fyrir yngri flokka og viljum við að öll hestamannafélög á landinu stofni yngri flokka ráð. Okkur finnst það mjög mikilvægt. Við viljum geta rætt saman allskonar mál og fengið að tjá okkur með okkar hugmyndir. Þannig að það er verk í vinnslu en hugmyndin er að sækja um styrki í sjóði til að fjármagna þetta verkefni.



Nefndin vill þakka öllum fyrir árið og getum ekki beðið eftir því að hefja starfsemi okkar að nýju á komandi ári.



Ungmennaráð Sprettis

Í Ungmennaráði sitja; Hulda Sveinbjörnsdóttir formaður, Sigurður Baldur Ríkharðsson, Hekla Hannesdóttir og Victoria Bönström. Ungmennaráð fundar reglulega, ca. 1x í mánuði. Þeirra ósk hefur verið að fleiri viðburðir séu eingöngu ætluð þeim, en þeim hefur hingað til fundist erfitt að staðsetja sig í námskeiðahaldi félagsins. Finnst þau ekki tilheyrna námskeiðahaldi í barna- og unglingsflokki en eiga jafnframt erfitt með að mæta á námskeið með fullorðnum. Úr því var bætt og boðið upp á námskeið sem eingöngu voru fyrir þau. M.a. var boðið upp á einkatíma með dómara, æfingatíma í allri Samskipahöllinni og tvo námskeiðsdaga hjá Olil Amble.

Ungmenni félagsins lýstu yfir áhuga á að taka að sér verkefni innan félagsins, s.s. mótahald þar sem þau vilja gjarnan læra hvernig á að halda mót og taka ábyrgð á því. Úr varð að þau skipulögðu og framkvæmdu síðustu vetrarleika félagsins en ákveðið var að bjóða Fáksmönnum einnig velkomna til þátttöku í anda sameiginlegs Landsmóts félaganna. Skipulagning og undirbúningur þeirra var framúrskarandi. Lærdómurinn mikill og dýpri skilningur myndaðist á því hvað felst í mótahaldi. Að auki söfnuðu þau sér inn dágóðri upphæð í söfnunarsjóð sem þau geta nýtt sér til námskeiðahalds og viðburða.

Frá formanni ungmennaráðs, Hulda María Sveinbjörnsdóttir:

Stofnun ungmennaráðs var frábær viðbót fyrir okkur ungmenni í Spretti. Þar getum við haft áhrif á það sem er boðið upp á í félaginu, bæði varðandi kennslu og fyrirlestra. Með tilkomu ráðsins hefur orðið meiri samheldni á milli ungmennanna í félaginu og höfum við brallað ýmislegt saman á liðnu ári. Við höldum mjög vel heppnað mót í anda Landsmóts í vor sem fjáröflun fyrir kennsluhelgarnar okkar hjá Olil. Það var virkilega lærdómsríkt og skemmtilegt.

Ég hvet alla til þess að taka þátt í því sem félagið hefur upp á að bjóða, enda væri ekki þetta frábæra félagsstarf ef enginn myndi taka þátt í því. Vil þakka Þórdísi Önnu, yfirþjálfara yngri flokka, fyrir allan hennar stuðning og metnað fyrir okkur ungu kynslóðinni.



Æskulýðsnefnd Spretts

Í æskulýðsnefnd Spretts síðasta starfsár sátu: Þórunn Hannesdóttir formaður, Erla Magnúsdóttir og Inga Berg Gísladóttir. Nefndin er vel skipuð með öflugum einstaklingum. Með nefndinni starfar yfirþjálfari yngri flokka, Þórdís Anna Gylfadóttir. Með æskulýðsnefnd starfar einnig nefnd sem sér um Blue Lagoon mótaröð yngri flokkana. Það eru þau Sigurður Halldórsson, Jónína Björk Vilhjálmadóttir, Hannes Sigurjónsson og Inga Christina Campos.

Ótrúlega mikið starf hefur verið unnið af hendi æskulýðsnefndar og Blue Lagoon nefndar, allt að sjálfsögðu í sjálfboðastarfi. Að auki eru foreldrar tilkippilegir ef eitthvað vantar upp á og tilbúnir að rétta hjálparhönd við ýmis verkefni.



Æskulýðsnefnd hefur verið dugleg að aðstoða börn, unglinga og ungmenni í Spretti við að skipuleggja félagslega hittinga og skemmtun. Hér fyrir neðan verða taldir upp helstu verkefni og viðburðir nefndarinnar sl. ár.

Haldin var uppskeruhátíð fyrir börn og unglinga félagsins haustið 2023. Eftir sem áður eru ungmenni félagsins heiðruð með fullorðnum. Á uppskeruhátíðinni var sýnd myndasýrpa frá árinu, yfirþjálfari yngri flokka og formaður

Æskulýðsnefndar fóru yfir viðburði ársins og hvað er væntanlegt á næsta ári, formaður barna- og unglingaráðs fór yfir árið og sagði frá störfum nefndarinnar, Herdís Björg Jóhannsdóttir heimsmeistari ungmenna í tölti og stoltur Sprettari sagði frá heimsmeistara ævintýri sínu í máli og myndum, verðlaunaveitingar fyrir stigahæsta knapa í barna- og unglingaflokki ásamt framfaraverðlaunum og að lokum fóru allir heim með glaðning. Útbúin voru vídeo/myndasýrpur af verðlaunahöfum ásamt því að lesa upp texta með afrekum viðkomandi, svolítið í anda Uppskeruhátíðar LH. Ungir Sprettarar og foreldrar þeirra voru ánægð með Uppskeruhátíðina og er hún komin til með að vera fyrir unga Spretta.

Í október 2023 var farið í heimsmeistaraheimsókn til Jóhönnu Margrétar Snorradóttur á Árbakka. Farið var á einkabílum austur eftir vinnu. Hanna Magga tók auðvitað vel á móti áhugasömum Spretturum og sýndi þeim stóðhestinn Útherja frá Blesastöðum sem hún hefur verið með í þjálfun og tók fyrir uppbyggingu og þjálfun keppnishesta. Á heimleiðinni var stoppað í pizzu á Ölverk í Hveragerði.

Í nóvember var spennan orðin mikil yfir fyrirhugaðri Svíþjóðarferð, fjáröflun var kláruð og hist var til að klára skipulagsmál því tengt og ungir Sprettarar pöntuðu sér neonbleikar hettupeysur merktar Spretti til að sjást vel í Svíþjóð. Ferðin til Svíþjóðar var í byrjun desember en henni er gert hærra undir höfði hér neðar í skýrslunni.

Litlu-jólin voru haldin hátíðleg 20. desember í veislusal Spretts og milli jóla og nýárs var haldið “hobby-horsing” mót og einnig farið í leiki í reiðhöllinni.

Í janúar, febrúar og mars voru krakkarnir dugleg að mæta á sameiginlega fyrirlestraröð með Fáki, ásamt því að sinna sjoppuvöktum, mæta á sýnikennslu hjá Huldu Maríu Sveinbjörnsdóttir um “liberty training” og skemmta sér í Lazertag. Páskaeggjaleitin var á sínum stað og í apríl var þrautabrautar og leikjadagurinn haldinn með pompi og prakt og í lok dags var reiðhöllin undirlögð af hoppuköstulum foreldrarnir virkjaðir á grillið og allir skemmtu sér vel.



Góð nýting var á opnum frjálsum tímum í reiðhöllunum frá desember 2023 fram í maí 2024, með og án reiðkennara. Mikilvægt er að boðið sé uppá þjálfunartíma í reiðhöllunum sem eingöngu eru ætlaðir yngri flokkum, við teljum það líka vera öryggisatriði fyrir unga knapa að komast inn að þjálfva þegar veður og færi er vont.

Farið var í sameiginlega reiðtúra þegar fór að vora. Bæði voru haldnir sameiginlegir reiðtúrar ætluð börnum og unglingum en einnig var boðið upp á sameiginlegan reiðtúr fyrir yngstu knapana (pollana), sem var að sjálfsgöðu í fylgd með foreldrum. Gaman er að segja frá því að síðasta vetur var ákveðið að bjóða upp á framhaldsnámskeið fyrir polla og blanda inn í námskeiðið reiðkennslu úti. Þá voru nýtt stóru gerðin innan félagsins sem og afgirtur reiðvöllur. Þetta var mikið ævintýri fyrir yngstu knapa að komast út og er hugsað sem einskonar “brú” úr reiðkennslu inni yfir í það að fíkra sig út í reiðtúr (með fullorðnum).

Boðið var upp á kaup á merktum Spretts fatnaði en það er einnig góð fjáröflun fyrir Æskulýðsnefnd.

Einn af stærri viðburðum nefndarinnar þetta árið, þótt ekkert toppi Svíþjóðarferðina, var helgarferð í Flagbjarnarholt þar sem ungir Sprettarar tóku með sér hest og riðu út saman fyrstu helgina í júní 2024. Við pöntuðum gott veður og gott skap hjá öllum, góða skapið var aldeilis með í för en sjaldan hefur rignt eins mikið og Þjórsáin erfið viðureignar. Sundreið í sveitinni varð því að bíða betri tíma. Ferðin vakti mikla lukku enda aðstaðan hjá þeim hjónum Þórunni Hannesdóttur og Sveinbirni Bragasyni í Flagbjarnarholti frábær, bæði fyrir menn og hesta. Um 20 ungir Sprettarar mættu ásamt foreldrum og fylgdarliði og skemmtu sér saman. Æskulýðsnefndin hafði skipulagt ferðina sem var hugsuð sem hópefli og skemmtileg samvera fyrir hópinn. Farið var í reiðtúra í skemmtilegu umhverfi en aðeins síðra veðri meðfram Þjórsánni þar sem hún rennur í kringum Árneseið, borðað mikið af góðum mat og heimabökuðu bakkelsi, farið í pubquiz og danspartý í kjallaranum. Foreldrahópurinn ásamt æskulýðsnefndinni fundu keppnisskapið í sér í brennibolta í íþróttasalnum á Laugalandi og lögðu yngri kynslóðina af velli, við lítinn fögnuð ungra Spretta. Sundlaugin í Laugalandi tók vel á móti hópnum og opnaði fyrir okkur sérstaklega íþróttasalinn og sundlaugina. Fullt af skemmtilegum minnum urðu til í þessari skemmtilegum ferð sem við stefnum á að endurtaka, vonandi í betra veðri.

Alveg frábær helgi og frábær endir á starfstímabili nefndarinnar áður en mótahald fer á fullt.





Hestaferð í Flagbjarnarholt





Myndir úr starfinu



Hestaferð til Svíþjóðar

Ungir Sprettarar lögðu land undir fót og héldu til Svíþjóðar á hestasýningu þann 30.nóvember - 3.desember 2023. Óhætt er að segja að það hafi verið mikið stuð! Aðdragandi ferðarinnar var sá að haustið 2022 var skipað barna- og unglingaráð Spretts en þar sitja sex ungir og hugmyndaríkir Sprettarar sem eru fulltrúar allra barna og unglinga í félaginu. Á fyrsta fundi ráðsins voru þau spurð af yfirþjálfara yngri flokka hvað þeim langaði til að gera og hugmyndin um ferð á hestasýningu erlendis með ungum Spretturum kom fljótt upp – ásamt mörgum öðrum frábærum hugmyndum. Barna- og unglingaráðið er einstaklega öflugt og fljótlega kom í ljós hversu mikilvægt og árangursríkt þetta samtal er milli stjórnenda og yngri flokka. Því var einnig stofnað Ungmennaráð Spretts.

Það er svo hlutverk yfirþjálfara félagsins að útfæra hugmyndir og óskir yngri flokka ráðanna og koma þeim í framkvæmd með mikilli hjálp frá öflugri Æskulýðsnefnd félagsins. Það er ótrúlegur kraftur og mikill auður í yngri flokkum félagsins. Með þessum hætti finnst þeim þau hafa rödd og geta lagt eitthvað til málanna en mikilvægt er að þau finni að þau séu hluti af félaginu og að þeirra innlegg skipti máli.

Eftir að ákvörðun var tekin að fara erlendis á hestasýningu voru skipulagðir fjölmargir fjáröflunarviðburðir, s.s. sjopuvaktir á ýmsum viðburðum Spretts, dósasöfnun, sala á Spretts húfum, stóðhestahappdrætti, vöflukaffi og margt fleira. Lagt var upp með að safna sér fyrir flugi og hóteli en mikilvægt var að bjóða upp á fjáröflun svo sem flestir ættu kost á því að taka þátt. Þeir sem voru duglegastir í fjáröfluninni náðu þessu markmiði og gott betur. Óvæntur bónus var að allir þessir fjáröflunarviðburðir urðu að skemmtilegu hópefli fyrir krakkanna. Það voru allir að vinna að sama markmiðinu, utanlandsferðinni.

Flogið var beint til Stokkhólms og sýningin Sweden International Horse Show heimsótt. Á sýningunni koma fram fjölmargar hestategundir, bæði eru sýningaratriði og keppnir. Grand Prix í dressúr og hindrunarstökki ásamt pony kappreiðum, kerruakstri og margt margt fleira. Sýningin er einstaklega vel staðsett, rétt fyrir utan Stokkhólm, hótelið í einu horni sýningarhallarinnar og stærsta verslunarmiðstöð Skandinavíu beint á móti með úrvali veitingastaða og verslana. Það var því eitthvað aðeins verslað í ferðinni.



Tilgangur ferðarinnar var fyrst og fremst að gefa ungum Spretturnum tækifæri á að kynna og tengjast betur hvort öðru. Það er einmitt eitt af því sem yngri flokka ráðin hafa óskað eftir, að þau fái fleiri tækifæri til að hittast án hesta.

Hestaíþróttin er einstaklingsíþrótt en það er afar mikilvægt á þessum aldri að þau finni einnig að þau tilheyri liði eða félagi og myndi félagslegar tengingar við sína jafnaldra sem hafa sama áhugamálið, hestaíþróttina. Það er líka mikilvægt fyrir unga hestamenn að víkka sjóndeildarhringinn og sjá hinn stóra hestaheim.

Hópurinn fjárfesti í neon bleikum Sprettspeysum sem var einkennisbúningur hópsins. Vallarmyndavélinni var oft beint að þeim í stúkunni og þeim varpað upp á stóra skjáinn sem vakti mikla lukku. Julie Christiansen bauðst til að hitta unga Spretta og sagði þeim allt sem þau vildu vita um Kveik frá Stangarlæk en þau kepptu í tölti á sýningunni. Stjórnendur sýningarinnar höfðu samband, þau höfðu frétt af hópnum á staðnum, og buðu ungum Spretturnum baksviðs til að sjá hestana og upphitunarsvæðið.

Gaman var að sjá hversu samheldin hópurinn var í ferðinni. Smá ruglingur varð í sætabókun í flugvélinni sem varð til þess að hópurinn dreifðist um vélina en krakkarnir höfðu lausn við því og þjöppuðu sér 5 og 6 saman í hverja sætaröð. Á kvöldin sátu þau saman í matsal hótelsins og höfðu gaman. Eitthvað var um prakkarastrik, líkt og dyraat hjá yfirþjálfara, sem var mikið hlegið að.

Þetta var sannkölluð ævintýraferð ungra Spretta. Dýrmæt upplifun og frábærar minningar. Ákveðið hefur verið að endurtaka ferðina 2025.





SVIÄJÖÐ



Námskeiðahald

Æskulýðsnefnd í samstarfi við yfirþjálfara leggur mikla áherslu að boðið sé upp á fjölbreytt úrval námskeið fyrir alla aldurshópa á öllum getustigum þannig að allir eigi þess kost að finna eitthvað við sitt hæfi. Það hefur verið stefna félagsins að greiða niður námskeiðsgjöld fyrir yngri flokkana og borga þau ekki fyrir notkun á aðstöðu, s.s. reiðhöll og dregst það því frá námskeiðsgjaldinu. Gífurleg aukning hefur verið í þátttöku ungra Sprettera á námskeiðum félagsins en á milli ára hefur orðið 68% aukning í þátttöku á námskeiðum.

Pollaflokkur

Metfjöldi polla hefur sótt námskeið og kennslu í Spretti síðastliðinn vetur. Tæplega 50 pollar hafa sótt námskeið á vegum félagsins og erum við gífurlega stolt af þessum mikla fjölda yngstu knapanna sem hafa áhuga á að sækja námskeið. Námskeiðin voru ætluð yngstu knöpum félagsins og voru þeir á aldrinum 2 ára til 9 ára. Ákveðið var að þátttaka á pollanámskeiði yrði ókeypis. Lokahnykkurinn á vetrarnámskeiðinu var svo þátttaka í Blue Lagoon mótaröðinni þar sem boðið var upp á keppni í pollaflokki. Að loknu vetrarnámskeiðinu þar sem lögð var áhersla á jafnvægi og stjórnun í bland við leiki var ákveðið að bjóða upp á framhaldsnámskeið að vori til. Það var haldið bæði innan og utandyra. Kennt var inni í reiðhöll, úti í stóra gerði og svo á lokuðum hringvelli. Með því er verið að reyna að taka rökrétt en örugg skref í því að færa yngstu knapana úr reiðhöllinni og út í umhverfið.

Barna-, unglunga- og ungmennaflokkur

Námskeiðahald fyrir yngri flokkanna var mjög fjölbreytt. Kennd voru Knapamerki á öllum stigum bæði bóklegt og verklegt. Hestamennsku námskeiðin voru á sínum stað en þau eru ætluð börnum og unglingum sem hafa ekki aðgang að hesti. Haldin eru námskeið bæði að hausti og að vetri til sem nær fram á vor og endar yfirleitt með þátttöku á Dymbilvikusýningu Spretts um páska. Haldin voru námskeið í vinnu við hendi, hringteymingum og brokkspíruþjálfun. Boðið var upp á sætisæfinganámskeið. Sett voru upp styttri og lengri námskeið í formi einkatíma með fjölmörgum reiðkennurum. Nokkur helgarnámskeið voru í boði. Boðið var upp á sérstakt gangtegundanámskeið. Haldið var gæðingafiminámskeið sem endaði með æfingamóti í gæðingafimi. Mikill áhugi var fyrir hindrunarstökksnámskeiði og voru nokkur slík haldin, en æskulýðsnefndin festi kaup á Poly Jumps hindrunum og dóti sem yngri flokkarnir (og fullorðnir) hafa verið mjög dugleg að nýta sér. Að loknum tveimur hindrunarstökksnámskeiðum, að vetri og vori, var ákveðið að halda hindrunarstöcksmót, líkt og gert var árið áður. Þegar fór að vora var einnig í boði útreiðarnámskeið.



Landsmótsundirbúningur ungra Sprettera hófst strax í byrjun árs 2024 með keppnisnámskeiði hjá Árnýju Oddbjörgu reiðkennara. Hún fylgdi þeim knöpum sem hún þjálfaði í gegnum úrtöku og undirbúning fyrir Landsmót ásamt því að standa þeim þétt við hlið á Landsmótinu sjálfu. Ungir Sprettarar pöntuðu sér jakka og peysur til að vera “í stíl” á Landsmótinu sjálfu, voru dugleg að mæta í brekkuna til að hvetja hvort annað og samglöddust þeim sem gekk vel og skemmtu sér vel saman.

Félagshesthús

Hestamannafélagið Sprettur heldur úti félagshesthúsi sem hugsað er fyrir börn, unglínga og ungmenni sem vilja halda hest á húsi en hafa ekki aðgang að hesthúsi. Í félagshesthúsinu er umsjónarmaður á vegum félagsins sem er leigjendum innan handar með ýmis málefni tengd umhirðu og þjálfun hestanna. Það er afar mikilvægt að með þeim í húsinum sé vanur hestamaður sem þau geta leitað til. Síðastliðinn vetur var leiðbeinandinn og tamningakonan Jóna Guðný Magnúsdóttir þeim innan handar.

Hæfileikamótun og Landsliðsknappar

Hæfileikamótun LH er frábært tækifæri fyrir unga knapa til að fá betri þjálfun, reiðkennslu og kynnst knöpum úr öðrum hestamannafélögum. Fimm ungir Sprettarar tóku þátt í hæfileikamótun á síðasta ári. Ungir Sprettarar voru einnig atkvæðamiklir í U-21 árs landsliði Íslands sem valið var fyrir Norðurlandamót í hestaíþróttum. Sjö ungir Sprettarar tóku þátt á Norðurlandamóti íslenska hestsins í Herning í ágúst 2024. Við erum afar stolt af þessum hópi og hlökkum til að fylgjast með þeim vaxa og dafna áfram.



Frá yfirþjálfara yngri flokka Sprettis

Starfið er einstaklega skemmtilegt og það sem er hvað dýrmætast er samveran með ungum Spretturum. Orkan og gleðin sem skín af þeim er einstök. Hugmyndirnar og krafturinn í þeim er smitandi og eftir samveru, hittinga og fundi með yngri flokka ráðunum eflist maður í starfi, verður þakklátur og finnur hversu gefandi það er að vinna með ungu fólki. Það er ekki alltaf auðvelt og stundum þarf að miðla málum og finna meðalveginn.

Þó svo að helstu umræðuefni okkar eru um hesta og allt sem þeim tengist þá ræða þau líka hversu miklu máli það skiptir að jákvæður, heiðarlegur og góður við alla - hvort sem er í leik eða keppni. Við höfum einmitt lagt mikla áherslu á að skapa samheldni og vináttu þeirra á milli - að mynda liðsheild.

Það hefur mikill metnaður verið lagður í námskeiðahald félagsins og það verður gert áfram. Æskulýðsnefnd og stjórn félagsins hafa boðið yngstu og dýrmætustu knöpum félagsins upp á metnaðarfull námskeið endurgjaldslaust sem vert er að hrósa fyrir. Metfjöldi polla hefur sótt námskeið á vegum félagsins í vetur og gífurleg aukning hefur verið í þátttöku í námskeiðahaldi öllu.

Eftir því sem tíminn líður kemur betur og betur í ljós hversu mikið heillaspor það var að stofna yngri flokka ráð félagsins. Það er gríðarlegur auður í ungum Spretturum sem vilja leggja sitt af mörkunum og fá að vera með, fá að tilheyra félaginu og taka þátt.

Framtíðin er björt í Spretti og ég hlakka til áframhaldandi starfa með metnaðarfullum og skemmtilegum ungum Spretturum, #ungirsprettarar.

